LISTIR&LEIKHÚSSPJALL

Eftir Arna Johnsen

Að sigla keikur í gegnum vandamálin

Merkileg málverka- og fornminjasýning í Kjarvalsstöðum

SÉRSTÆÐ sýning stendur nú yfir í Kjarvalsstöðum, en þar sýnir Byggðarsafn Vestmannaeyja um þessar mundir nokkra af merkustu munum sínum auk fjölmargra merkilegra mynda og þá má sérstaklega geta 34 málverka og teikninga eftir meistara Kjarval, en þetta safn var áður í eigu Sigfúsar M. Johnsen fyrrverandi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum og konu hans Jarþrúðar heitinnar Pétursdóttur Johnsen. Afhenti Sigfús Vestmannaeyjum þetta merka safn sitt.

Meðal verka Kjarvals á sýningunni eru myndir frá fyrstu árum Kjarvals sem málara og m.a. er þar abstraktmynd, sem er frumlegri en margar slíkar, sem gerðar eru í dag. Rík ástæða er til að hvetja fólk til að sjá þessa merku sýningu, því þar kennir ýmissa grasa.

Þá eru fjölmargar myndir á sýningunni eftir Engilbert Gíslason listmálara í Vestmannaeyjum. Engilbert var samtíða Ásgrími Jónssyni við nám í Kaupmannahöfn um aldamótin, en Engilbert er látinn fyrir nokkrum árum. Engilbert fór aldrei um, þar sem fjölmenni var, en hann vann stöðugt í list sinni og þótt hann hafi farið varhluta af allri frægð og kynningu út á við í lífi sínu, þá verður ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd, að hann er í hópi beztu málara, sem íslenzka þjóðin hefur átt. Þeir sem skoða verk hans á sýningu Byggðarsafns Vestmannaeyja í Kjarvalsstöðum geta gengið úr skugga um það. Engilbert málaði feikn mikið af myndum í Eyjum, en á hverju heimili, þar sem myndir hans eru, teljast þær til dýrgripa.

Þá eru m.a. á sýningunni líkön af bátum, mannverkjum og fleiru, og eru mörg þessara líkana hreinustu listaverk. M.a. er þarna líkan af Skansinum, sem nú er að nokkru farinn undir hraun. Þar sjást dönsku verzlunarhúsin og vindmyllan, sem brauðgerðarmaður staðarins notaði á einokunartímabilinu. Meðal húsa á þessu líkani er Kornloftið, næstelzta hús í Eyjum, sem fór undir hraun í eldgosinu þar. Kornloftið var byggt árið 1830.

Elzta málverkið á sýningunni er frá 1791, en alls eru yfir 100 málverk sýnd auk 100 ljósmynda. Þetta málverk frá 1791 var keypt fyrir skömmu á uppboði í London, en það sýnir skip á siglingu undan Eyjum, málað af enskum málara.


Þá er sýnd á þessari sýningu Tyrkjabyssan fræga, sem fannst í Vestmannaeyjahöfn, en byssan er frá því Tyrkir rændu og drápu í Vestmannaeyjum 1627.

Bátalíkön er m.a. af bátum með Vestmannaeyjalagi, Landeyjalagi og færeysku lagi. Þá eru líkön af rétt, sem stóð í Eyjum allt frá landnámsöld og til síðustu aldamóta og einnig er merkilegt líkan af fiskigörðum. Sýnir það, að fyrrum eins og nú hefur mikil rækt verið lögð við fiskvinnslu í Eyjum.

Maðurinn á bak við þessa sýningu er Þorsteinn Þ. Víglundsson sparisjóðsstjóri í Vestmannaeyjum, forstöðumaður Byggðarsafnsins í sjálfboðavinnu og fyrrverandi skólastjóri Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja í 36 ár. Þorsteinn er hafsjór af fróðleik og hamhleypa til allra verka, sem hann tekur sér fyrir hendur, svo með ólíkindum er. Framtakssamari manni kynnist maður vart og hann heldur sínu striki, þótt móti blási. Þorsteinn hefur unnið feikilegt starf í þágu Vestmannaeyja, og m.a. má þar nefna hin yfirgripsmiklu ársrit hans um mann- og athafnalíf í Vestmannaeyjum fyrr og síðar. Blik heitir rit Þorsteins og fyllti það 30. árganginn fyrir skömmu.

Markmið Þorsteins með þessari sýningu í Kjarvalsstöðum er að gefa meginlandsbúum tækifæri til að sjá nokkra merkustu gripi Byggðarsafns Vestmannaeyja áður en þeir verða aftur fluttir til Vestmannaeyja, en nokkrir gripanna teljast til merkustu fornminja á Íslandi og Þorsteinn hefur ekki sagt út í bláinn: „Líf mitt eru fjármál," því önnur ástæðan er sú, að hann hyggst afla Byggðarsafni Vestmannaeyja fjár til þess að gera við allt, sem skemmdist í nauðarflutningunum á fyrstu dögum eldgossins í Heimaey.


Fyrir gos var langt komið byggingu glæsilegs safnahúss í Vestmannaeyjum undir Byggðarsafnið, Listasafn og bókasafn, og fyrir liggur að ljúka þeirri byggingu. „Við eigum nóg af peningum til að ljúka við bygginguna", sagði Þorsteinn, „og það er ekki gjafafé, en auðvitað verður að ljúka við að gera allan bæinn íbúðarhæfan, áður en við höldum verkinu áfram. En það verður ekkert gefið eftir," sagði þessi galvaski athafnamaður sem siglir keikur í gegn um vandamálin.




Kjarval



Þorsteinn Þ. Víglundsson



Teiknimynd af Skansinum eftir Engilbert Gíslason um aldamótin síðustu. Stóra verzlunarhúsið, Austurbúðin, á myndinni var byggt 1880, en fór síðan undir hraun í vetur. Skansinn er lengst til vinstri.



Skansinn í Vestmannaeyjum árið 1884. Næst á myndinni til vinstri er verzlunarhúsið (byggt) 1786). Sunnan við það stendur vörugeymsluhúsið. Á milli húsanna liggur vegurinn austur eftir virkinu. Vestan við virkið, t. h. á myndanni, er Kornloftið, sem var byggt 1830, en fór undir hraun í eldgosinu í vetur. Hægra megin við Kornloftið er vindmyllan, sem um getur í greininni.

TIL SOLU
Mustang '71 með V—8 vél 302 cc, dökkgrænn, sjálfskiptur með powerstýri og bremsum. Upplýsingar í síma 37203.

ÍBÚÐ ÓSKAST
Einhleyp stúlka óskar eftir góðri íbúð til leigu, má vera í Kópavogi eða Hafnarfirði. Vinsamlega hringið í síma 85835.

GÓÐ FJÁRFESTING
Glæsilegt endaraðhús til sölu um 142 fm, ásamt bílskúr, á góðum stað í Garðahr. (Flatir). Verð 3,5 millj. Sími 22911.

TIL SÖLU
Sanyo plötuspilari. Upplýsingar í síma 22603.

RANGE ROVER TIL SÖLU
árg. '72, vel með farinn. Uppl. í síma 52611 milli kl. 2—6.

STÚLKUR — KONUR
óskast í borðsal og eldhús Hrafnistu. Hálfan eða allan daginn. Upplýsingar hjá bryta, sími 35133.

3JA HERB. RISÍBÚÐ
í Hlíðunum til leigu frá 1. desember. Fyrirframgreiðsla. Fjölskyldustærð. Tilboð sendist Mbl. fyrir 29. nóvember merkt: „805".

ÚRVALS SÚRMATUR
Súrsaðir lundabaggar, hrútspungar, sviðasulta, svínasulta. Úrvalshákarl, síld og reyktur rauðmagi. Harðfiskur, bringukollar. Kjötmiðstöðin, Laugalæk 2, sími 35020

NEI SKO
Haukar í Hveragerði, laugardag, 24. nóv. Sætaferðir frá B.S.Í. kl. 9 og 9.30.

YTRI-NJARÐVÍK
til sölu vel með farin 3ja herb. íbúð, ásamt bílskúr. Hagstæðir greiðsluskilmálar.
Fasteignasalan, Hafnargötu 27, Keflavík, sími 1420.

BÍLAVIÐGERÐIR
Bílaverkstæðið Bjarg Bjargi við Dundlaugaveg, sími 38060.
Tökum að okkur allar almennar bílaviðgerðir. Bílaverkst. Bjarg Bjargi, s. 38060.

SNÍÐ KJÓLA
Þræði saman og máta. Viðtalstími virka daga frá kl. 4—6. Sigrún Á. Sigurðardóttir, sniðkennari, Drápuhlíð 48, 2. hæð, sími 19178.

HAFNARFJARÐARAPÓTEK
Opið öll kvöld til kl. 7, nema laugard. til kl. 2. Helgidaga frá kl. 2—4.

ÍBÚÐ TIL LEIGU
2ja herb. íbúð í kjallara. Tilboð sendist Mbl. merkt: „K 11 — 1442".

TOYOTA CROWN 1972 4 CYL.
Glæsilegur einkabíll til sölu í dag, er með power bremsum og svenst. o.fl. Samkomul. með greiðslur. Skuldabréf kemur til greina einnig á ódýrari bíl. Sími 16289.



Dönsku draumasængurnar



Terylene-fylling.
Falla ekki saman.
Hindra ekki útgufun.
Þola vélaþvott.
Taka ekki raka.
Margir lítir og mynstur.

Sængur verð kr. 2875 — 4500 — 5800 — 6000.
Koddar verð kr. 1570.
Ungbarnasængur kr. 1850.
Ungbarnakoddar kr. 610.

SÆNGURVERAEFNI Í FJÖLBREYTTU ÚRVALI:

Opið til kl. 10

Vörumarkaðurinn hf.
ÁRMÚLA 1A, SÍMI 86112, REYKJAVÍK.
86113